

Berist til aðgengis- og samráðsnefndar  
um málefni fatlaðs fólks.

Góðan daginn.

Takk fyrir fyrirspurnina. Við hjá Hopp leggjum ríka áherslu á að miðla til okkar notenda um að leggja rafskútunum á réttan hátt þannig að þær hindri ekki aðgengi annarra vegfarenda. Það er fernt sem við gerum til að ná til notendahópsins okkar:

1. Þegar rafskúta er leigð og verið er að enda ferðina þarf að taka mynd af rafskútunni til að sýna fram á að henni sé rétt lagt. Á skjánum er texti sem segir notendum að ekki megi hefta gangstéttir, göngustíga eða innganga. Einnig eru notendur beðnir um að leggja rafskútunni frekar við jaðra á hjólastígum en á gangstéttum ef það er í boði.
2. Starfsfólkið okkar sem aka um og hlaða og dreifa farskútunum gæta þess að vera fyrirmyndir og leggja rafskútunum rétt. Einnig stoppa þau og laga til rafskútur sem þau sjá að eru illa lagðar í borgarlandinu. Á akstri sínum um borgina eru þau einnig beðin um að laga til rafskútur frá öðrum fyrirtækjum. Þetta gerum við því við skiljum mikilvægi þess að rafskúturnar hefti ekki aðgengi annarra vegfarenda.
3. Við höfum ferla í hugbúnaðnum okkar þar sem við fylgjumst sérstaklega með hjólum sem ekki eru hreyft í ákveðna marga klukkutíma því þau eru líkleg til að t.d. vera liggjandi í borgarlandinu.
4. Við notum samfélagsmiðlana okkar til að sýna notendum hvað er rétt og hvað er rangt. Bæði Inni á Instagram og Facebook eru að finna myndbönd og myndir sem við setum í umferð nokkrum sinnum á mánuði, bæði setjum við myndirnar í story og kaupum dreifinu á þeim.

Í lokin langar mig að segja örstutt frá því að Hopp er íslenskt fyrirtæki í eigu Aranja og er allur hugbúnaðurinn þróaður hér á landi. Á þeim tæplega tveimur árum sem við erum búin að vera starfandi erum við með yfir 70 þúsund notendur og höfum við nú hoppað yfir 1. milljón kílómetra með þessu erum við að áætla að við séum búin að binda meira en 160 tonn af koltvíoxíði.

Við erum að vinna að þróun í hugbúnaði og vinna með Reykjavíkurborg að því að búa til sérstök svæði/stæði þar sem við hvetjum notendur til að leggja rafskútunum á, með þessu erum við að ná ákveðinni stýringu og erum þá að fækka rafskútum á gangstéttum. Við munum vera með hvata í formi afsláttar til að vinna að því að rafskútunum okkar verði lagt á ákveðna staði. Samkvæmt áætlunum erum við að stefna á það prufukeyra þetta í vor/sumar 2021.

Við hjá Hopp erum ávallt tilbúin að koma og hitta ykkur og allar ábendingar og hugmyndir eru vel þegnar.

Með góðri kveðju Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir  
Framkvæmdastjóri Hopp Reykjavík